

Minnispunktur v/frumvarps til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990.

Í framhaldi af fundi fulltrúa Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands og H & T nefndar 10/12/01 eru meðfylgjandi minnisþingpunktar sendir.

1. Varðandi orðalag, lagt er til að hafa **heyrnar-** og talmein þar sem það á við. Nota orðalagið -eru með talmein-, en ekki búa við talmein. Í stað þess að segja ..sinna forvörnum, segjastarfa að markvissum forvörnum. Varðandi 37.a.3. Lagt er til að hún sé orðuð "Ráðherra skipar framkvæmdastjóra til fimm ára. Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar.....Heimilt er.....Við Heyrnar- og talmeinstöð skal vera fimm manna fagråd.....um fagleg málefni og stefnumótun."
2. Fjárveitingar til hjálpartækja: Ekki er ennþá alveg ljóst hvernig viðbótarfjárveiting til hjálpartækja verður notuð. Sækja HT og Heyrnartækni ehf. í sjóðinn, sækja skjólstæðingar sér og síðan þeir sem úthluta tækjunum, á að greiða niður ákveðna upphæð/hlutfall, á að veita styrk, á að hafa þak? Mjög mikilvægt er að geta haldið heyrnartækjapöntunum gangandi jafnt og þétt þannig að aldrei sé "dauður tími" sem ekki nýtist til úthlutunar/sölu tækja, þ.e. að fjárveitingar séu fyrir hendi.
3. Forgangsröðun og biðlistar: Reynt er að hafa grófa forgangsröðun, s.s. börn eru alltaf í forgangi, þeir sem eru mikið heyrnarskertir eru alltaf í forgangi og t.d. þeir sem eru í hættu á að missa atvinnu vegna heyrnarskerðingar. Reynt er að meta aðstæður hverju sinni. Biðlisti var í upphafi árs um 1200 manns, er nú 10. des. Reyndar kominn niður í 990 manns. Það hefur tekist að vinna biðlistann hægt niður í haust með aukinni yfirvinnu starfsfólks, en til að ná honum hraðar niður þarf að fjölga fagfólki, s.s. heyrnarfræðingum. Þegar er búið að bæta við lækniþjónustu frá og með áramótum þannig að settur hefur verið nýr yfirlæknir í 100% starf og núverandi yfirlæknir mun starfa áfram í 50% vinnu.
4. Fagråd: Tryggja þarf breiða þekkingu fulltrúa fagráðs, almennt mun tilkoma þess geta styrkt faglega stöðu HT verulega frá því sem nú er, en talsverð vinna er framundan við að móta stefnu, setja markmið og skýra hlutverk og starfsemi HT.
5. Landsbyggðaðþjónusta: Viðræður standa yfir við framkvæmdastjóra FSA um möguleika á formlegu samstarfi HT og FSA. Aðstæður eru fyrir hendi á Akureyri, s.s. háls-, nef- og eyrnalæknir, heyrnarfræðingur á Sauðárkróki, sem er tilbúinn að koma ákveðna daga í viku til Akureyrar, heyrnarmælingaklefi er á Heilsugæslustöðinni o.s.fr. Samningaviðræður ganga út á að gera þjónustusamning um t.d. 10% lækni og 20% heyrnarfræðing um að starfa ákveðinn dag á Heilsugæslustöðinni og sinna verkefnum fyrir Heyrnar- og talmeinstöðina á sama hátt og nú er gert hér í Reykjavík.
6. Afar brýnt er að endurnýja tölvu- og upplýsingakerfi stöðvarinnar svo unnt sé að fá betri yfirsýn yfir og halda betur utan um starfsemina.